

um frumvarp til laga um verðtoll.

Frá Matthíasi Ólafssyni.

Eftir að vjer, sem háttvirt neðri deild Alþingis hafði skipað í nefnd til að athuga frumvarp til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912 og laga nr. 44, 2. nóv. 1914 og laga nr. 45 s. d., höfðum ályktað að leggja það til, að háttvirt neðri deild Alþingis fjellist á frumvarpið óbreytt eins og það kom frá stjórninni, þá var oss fengið til athugunar frumvarp til laga um verðtoll og jafnframt var tveim mönnum bætt í nefndina.

Ástæðan til þess, að nefndin lagði til að frumvarp stjórnarinnar yrði samþykkt var ekki sú, að nefndin í heild sinni teldi vörutollsstyrirkomulagið heppilegast og því sist rjettlátast, heldur hin, að á þessu þingi mundi eigi vinnast tími til að athuga og komast að rjettri niðurstöðu um tillögur skattamálanefndarinnar. Nefndinni var það ljóst, að það mál þyrfti að fá enn rækilegri undirbúning. Allri nefndinni var það ljóst, að aldrei mundi takast að afla landssjóði nægra tekna með beinum sköttum einum, en úr því svo væri, að gripa þyrfti til óbeinna skatta, þá mun meiri hluti nefndarinnar hafa verið á því máli, að verðtollurinn mundi heppilegri en vörutollur sá, er þjóðin hefir nú búið við um stund, og sem hún, mjög alment, er óánægð með. En nefndin áleit, að ef þessi tvö frumvörp yrðu samferða í deildinni, mundi það valda truflun í meðferð málanna og tefja fyrir störfum þingsins. Auk þess var yfirstandandi tími sjerstaklega illa fallinn til að koma fram með slíkt frumvarp, þar sem allar vörur eru nú í óvenjulega háu verði sökum ófriðarins og mundi því tollur, er miðaður væri við verð vörunnar koma allhart niður á neytendum, nema því að eins, að tollinn mætti þá hækka eða lækka, eftir því hvernig verðið væri í það og það skiftið á heimsmarkaðinum, en slík ákvæði eru ekki í frumvarpi því, er fyrir liggur.

Að hallast að útflutningstolli sem tekjulind fyrir landssjóð, má telja rjett afleita skoðun, enda þótt sá tollur sje auðveldur í innheimtu.

Í stuttu máli er það skoðun minni hlutans, að beinir skattar sjeu rjettlátastir og að engum sjerlegum erfiðleikum sje bundið að heimta þá inn, en honum er það ljóst, að þeir ná skamt til að fullnægja tekjuþörf landssjóðs og því sje óhjákvæmilegt að gripa til óbeinu skattanna. En ef um það er að ræða, að

leggja toll á allar, eða því nær allar, neysluvörur, þá sje þó verðtollurinn stórn rjettlátari en vörutollurinn og engu erfiðari til innheimtu. Sje hægt að falsa vöruverðið eða reikningaupphæðirnar, þá má engu síður falsa farmskrárnar, hvað svo sem um það er sagt. Og víst er það, að fá mundu þau dæmi reynast, að tollur mundi mjög svikinn á þann hátt, að tvennskonar reikningar fylgdi vörunum.

Það er misskilningur, að vörutollurinn sje vinsæll hjá þjóðinni; hann er þvert á móti afar óvinsæll. Að visu skal við það kannast, að naumast er hægt að hugsa sjer nokkurn almennan toll vinsælan, en sá tollur, sem kæmist næst því, að vera ljettastur á þeim vörutegundum, sem fátæklingar mest þurfa, mundi einnig komast næst því að verða vinsæll, en það er víst, að nær því marki kemst verðtollurinn en vörutollurinn.

Minnihlutinn væntir þess því, að þegar skattalöggjöf vor verður tekin til gagngerðrar endurskoðunar, þá mundi það verða verðtollur en ekki vörutollur, sem þingið hallast að.

En þar til svo skipast, eða að minsta kosti, næsta fjárhagstímabil, leggur minnihlutinn til að unað sje við vörutollinn og að frumvarp það um verðtoll, sem nefndin hefir haft til meðferðar, verði felt í háttv. deild, ef flutningsmaður ekki fæst til að taka það aftur.

Neðri deild Alþingis, 27. júlí 1915.

Matth. Ólafsson.